

REGLUR OG GJALDSKRÁ FYRIR DÆGRADVÖL VÍKURSKÓLA

1.gr.

Dægradvöl er fyrir börn í 1.-4. bekk Víkurskóla. Foreldrar/forráðamenn sem ætla að nýta þjónustu Dægradvalar þurfa að sækja um fyrir börn sín skriflega á þar til gerðum eyðublöðum sem nálgast má á heimasíðu skólans eða hjá skólastjórnendum. Ef barn ætlar að hætta í Dægradvöl skal berast skrifleg tilkynning með mánaðar fyrirvara frá foreldri/forráðamanni til skólastjórnenda. Miðast uppsögnin við 1. eða 15. dag hvers mánaðar. Hægt er að skrá barn í 1-5 daga í Dægradvöl í viku, en þó þannig að að um fasta áskrift er að ræða. Í Dægradvöl gilda skólareglur Víkurskóla.

Frestur til að sækja um áskrift, breyta áskrift, segja upp áskrift og sækja um afslátt er til 15. hvers mánaðar. Breytingar taka gild frá og með næstu mánaðamótum á eftir. Afsláttur er ekki veittur afturvirk.

2.gr.

Boðið er upp á dægradvöl alla virka daga á skólaárinu að loknum skóladegi. Opið er á foreldradögum og tvo af fimm starfsdögum. Skrá þarf sérstaklega í vistun þá daga sem ekki er kennsla og þarf skráning að berast 2 virkum dögum fyrir tilsettan dag. Greitt er aukalega fyrir þá daga. Sjá nánar í gjaldskrá um dægradvöl Mýrdalshrepps. Gjaldskrá fyrir dægradvöl er bundin vísitölu neysluverðs miðað við 1. september 2019 og uppfærast 1. janúar ár hvert.

3.gr.

Mýrdalshreppur sendir greiðsluseðil vegna þjónustugjalda mánaðarlega. Verði dráttur á greiðslum verða reiknaðir dráttarvextir, sbr. Lög um vexti og verðtryggingu nr. 38/2001.

4.gr.

Að jafnaði koma forföll ekki til frádráttar þjónustugjalda nema um veruleg forföll sé að ræða og skal það metið í hverju tilfelli fyrir sig af skólastjóra. Tilkynna þarf forföll í Dægradvöl í Víkurskóla. Umsjónarmaður í Dægradvöl heldur dagbók yfir þá sem nýta þjónustuna. Sími í Dægradvöl er sími Víkurskóla eða hjá umsjónarmanni.

5. gr.

Ef foreldrar/forráðamenn barna í Dægradvöl eru jafnframt með barn í leikskóla í Mýrdalshrepp, er veittur 25% afsláttur af mánaðargjaldi. Ef foreldrar/forráðamenn eiga tvö börn í Dægradvöl er veittur 50% afsláttur af mánaðargjaldi fyrir annað barnið. Ef tvö börn eru í Dægradvöl auk barns í leikskóla er veittur 25% afsláttur fyrir annað barnið í og 50% afsláttur fyrir hitt barnið í Dægradvöl.

Dægradvöl. Alltaf er greitt fullt gjald fyrir síðdegishressingu.